

Alþingi
Erindi nr. P 136/1098
komudagur 9.3 2009

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík 6. mars 2009

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Nefndasvið
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um frv. til l. um ábyrgðarmenn (125. mál)

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp til laga um ábyrgðarmenn. Samtökin telja mikla ágalla á frumvarpinu eins og nánar verður komið að hér á eftir.

Árið 1998 gerðu Samtök banka og verðbréfafyrirtækja f.h. aðildarféлага sinna (nú SFF), Samband íslenskra sparisjóða f.h. sparisjóða, Neytendasamtökin og viðskiptaráðherraaf hálfu stjórnvalda sín á milli samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Samkomulaginu var ætlað að draga úr vægi ábyrgða einstaklinga og að lánveitingar yrðu miðaðar við greiðslugetu greiðanda og tryggingar hans. Með samkomulaginu voru settar meginreglur til verndar ábyrgðarmönnum í þeim tilvikum þegar skuldaábyrgð eða veð eigu annars einstaklings er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu. Samkomulagið var endurnýjað árið 2001 og er enn í fullu gildi. Samkomulagið hefur klárlega skilað miklum árangri í þessum efnum þar semdregið hefur verulega úr beinum útlánnum banka og sparisjóða með sjálfskuldarábyrgð einstaklinga síðustu árum.

SFF telja óhjákvæmilegt að meginefni samkomulagsins verði tekið upp í lög til að skýra réttarstöðu aðila og tryggja að allir aðilar á lánamarkaði sitji við sama borð hvað skilyrði samkomulagsins varðar. Þannig falla ekki undir samkomulagið í dag aðilar sem eiga verulegan hluta af lánamarkaði einstaklinga, t.d. Íbúðalánasjóður, lífeyrissjóðir og LÍN. Með innleiðingu samkomulagsins í lög næst því eðlilegt samræmi milli aðila á lánamarkaði. Við slíka lagasetningu gæfist jafnframt tækifæri til að huga sérstaklega að einstökum þáttum samkomulagsins sem þörf er á að endurskoðua, s.s. reglum um framkvæmd greiðslumats, enda eru liðin átta ár síðan samkomulagið var endurnýjað síðast.

Það er þar af leiðandi álit SFF að eðlilegast væri að leggja fram sjálfstætt frumvarp sem byggði á samkomulaginu. Með því móti væri einnig stuðlað að sem bestri sátt um málið. Þetta

er líka sú leið sem Danir fóru fyrir nokkrum árum þegar dönsk stjórnvöld í samvinnu við danska bankakerfið (Finansraadet) innleiddu sambærilegt samkomulag í lög.

Fyrirliggjandi frumvarp gengur það langt í að leggja það auknar skyldur á lánveitendur að lögfesting þess mundi takmarka verulega möguleika á lánveitingum með ábyrgð og því líklegt að í mörgum tilvikum yrði niðurstaðan sú að fyrirhugaður ábyrgðarmaður gerðist hinn eiginlegi „lántaki“. Væri það þá samningsatriði milli „lántakans“ og þess sem hagnýtir lánið hvernig þeir haga málum sín á milli. Hafa ber í huga að oft þrýsta foreldrar, eða aðrir nánir ættingjar, mjög á lánveitendur að veita ungu fólki lán gegn því að þeir gangist í ábyrgð sjálfir þar sem viðkomandi aðilar eru iðulega með litlar eða óstöðugar tekjur. Þeir líta jafnvel á það sem hluta af þroskaferli þessa unga fólks að takast á hendur þær skuldbindingar sem felast í lántökunni, og eru því í reiðubúinir að gangast í ábyrgð fyrir lánið

Athugasemdir SFF við einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. skulu lögin ekki eiga við í þeim tilvikum þegar aðaltilgangur ábyrgðar er í þágu eigin atvinnurekstrar ábyrgðarmanns. Til skýringa á greininni segir í athugasemdum við frumvarpið: „Helsta afmörkun á gildissviði frumvarpsins er komin undir því í hvaða tilgangi ábyrgð er veitt. Ef ábyrgðarmaður veitir ábyrgð i þágu eigin atvinnurekstrar er litið svo á að ábyrgðarmaður hafi ekki þörf fyrir jafn ríka vernd og ákvæði frumvarpsins mæla fyrir um. Þar með er þó ekki sagt að þeir sem gangast í ábyrgð í þágu eigin atvinnurekstrar hafi ekki þörf fyrir neina vernd. Við mat á því hvort skilyrðið um atvinnurekstur er uppfyllt verður einkum að líta til þess hvort ábyrgðarmaður hafi þegið sanngjarnt endurgjald fyrir að gangast í ábyrgð.“ Verður að telja afar óljóst hvernig meta á skilyrðið um eigin atvinnurekstur þegar byggja skal slíkt mat á „sanngjörnu endurgjaldi“ fyrir að gangast í ábyrgð. Ákvæðið þarfnast betri skýringa á því hvað átt er við með „sanngjörnu endurgjaldi“.

4. gr.

1. málslíður.

„Lánveitanda ber skylda til að meta hæfi lántaka til að standa í skilum með það lán er ábyrgðar er krafist fyrir. Greiðslumat skal byggt á viðurkenndum viðmiðunum.“

Óljóst er hvað eru „viðurkennd viðmið“. Í núverandi lagaumhverfi er það töluvertvandamál að reglur um greiðslumat eru ekki nægjanlega skýrar. Svona ákvæði myndi auka enn á þá óvissu. Þá er einnig mikilvægt að hafa fjárhæðarmörk á láni sem þarf að greiðslumeta eins og nú er gert í ofangreindu samkomulagi og er hér lagt til að það verði t.d. 1,5 millj. kr.

2.málslíður.

„Lánveitandi skal með skriflegum hætti ráða ábyrgðarmanni frá því að gangast í ábyrgð ef greiðslumat bendir til þess að lántaki geti ekki efnt skuldbindingar sínar.“ Óraunhæft er að leggja svo mikla forsjárabyrgð á lánveitanda enda ætti hann á móti hættu á því að dómstóll gæti fellt niður ábyrgðina á matskenndum forsendum. Fyrirkomulag í fyrrgreindu samkomulagi er eðlilegra en þar segir:

„Fjármálafrirtækjum ber að gefa út upplýsingabæklinga um skuldaábyrgðir og veðsetningar og dreifa með skjölum sem afhent eru ábyrgðarmönnum til undirritunar. Í bæklingunum komi m.a. fram hvaða skyldur felast í ábyrgðinni, heimild ábyrgðarmanns til að segja ábyrgðinni upp, heimild hans til að óska eftir að greiðslumat verði ekki framkvæmt og heimild hans til að bera ágreiningsmál vegna ábyrgðarinnar undir Úrskurðarnefnd um viðskipti við

fjármálafyrirtæki náist ekki sátt milli hans og fjármálafyrirtækisins. Með undirritun lánsúmsóknar eða annarra gagna sem fyllt eru út í tengslum við afgreiðsluna staðfestir ábyrgðarmaður að hann hafi kynnt sér efni upplýsingabæklings um ábyrgðir. Ef ráðgert er að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldara hjá fjármálafyrirtæki, skal ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir.

Tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggi fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.“

3.málsliður.

„Með sama hætti skal lánveitandi ráða ábyrgðarmanni frá því að undirgangast ábyrgð ef aðstaður ábyrgðarmanns gefa tilefni til.“ Svo íþyngjandi kvöð á lánveitanda getur ekki gengið upp og mun líklegast leiða til þess að lánveiting með ábyrgðarmanni mun leggjast af. Vísað er að öðru leyti í sömu rök og í athugasemdum um 2. málslið.

5. gr.

Ákvæði þetta er of íþyngjandi fyrir lánveitendur auk þess sem sumir liðirnir eru of matskenndir. Sérstaklega er rétt að benda á k lið þar sem hann er háður mati á því hvað er eðlilegt. Liðurinn býður upp á ágreining um það hvort eðlilegt hafi verið að veita ákveðnar upplýsingar og gætu dómstólarþurft að endurskoða mat lánveitanda

7. gr.

Þessi grein er íþyngjandi fyrir lánveitanda hvað varðar liði b-d. Það á sérstaklega við um d-lið sökum þess hversu matskenndur hann er og ekki er víst að lánveitandi geti eða hafi getað gert sér grein fyrir mikilvægi atvika sem verða svo seinna metnar af dómstólum sem forsendur ábyrgðar ábyrgðarmanns.

Í 2. Mgr. 7. Gr. er kveðið á um að ábyrgðarmaður verður ekki krafinn um greiðslur á dráttarvöxtum eða öðrum vanskilakostnaði lántaka sem fellur til eftir gjalddaga nema liðnar séu tvær vikur frá því að ábyrgðarmanni var sannanlega gefinn kostur á að greiða gjaldfallna afborgun. Málgreinin stangast á við 7. gr. innheimtulaga nr. 95/2008 þar sem gert er ráð fyrir 10 daga fresti frá sendingu innheimtuviðvörðunar þar til ganga megi að skuldurum Ákvæðið fert einnig gegn 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 þar sem segir að hafi gjalddagi verið fyrir fram ákveðinn er kröfuhafa heimilt að krefja skuldara um dráttarvexti sem reiknast af ógreiddri peningakröfu frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.

8. gr.

Ákvæðið er svohljóðandi: „*Ekki verður gerð aðför í fasteign þar sem ábyrgðarmaður býr eða fjölskylda hans ef krafa á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar.*

Lánveitandi getur ekki krafist gjaldþrotaskipta á búi ábyrgðarmanns ef krafa hans á rót sína að rekja til persónulegrar ábyrgðar nema hann geri sennilegt að um sviksamlegt undanskot eigna ábyrgðarmanns hafi verið að ræða.“

Greinin mun girða **alveg** fyrir notkun ábyrgðarmanna. Kröfuhafar geta ekki vitað hvað ábyrgðarmaður á sem eign til búsetu þegar gjaldfelling lánsins á sér stað. Í mörgum tilvikum er nú gengið að eignum sem falla undir þetta ákvæði.

9. gr.

3. mgr. er svohljóðandi: „*Nauðasamningur eða önnur eftirgjöf sem kveður á um lækkun kröfu á hendur lántaka héfur sömu áhrif til lækkunar kröfu á hendur ábyrgðarmanni.*“

Í ákvæðinu virðist gengið út frá því að ábyrgðarmaður sé að „tapa“ því sem gefið er eftir af kröfu við nauðasamninga en þvert á móti eru nauðasamningar ætlaðir til þess að koma eignum í verð til þess að unnt sé að greiða skuldir. Ef skuldari greiðir skuldir gagnast það ábyrgðarmanni þar sem að þar með lækkar sá hluti kröfunnar sem fellur á hann. Þá fer 3. Mgr. gegn öllum viðteknum venjum í lögfræði sem og lögum um gjaldþrotaskipti og myndi væntanlega nánast útiloka möguleika á frjálsum nauðasamningum.

10. gr.

2. mgr. er svohljóðandi: „*Ef lánveitandi samþykkir að veð eða aðrar tryggingarráðstafanir sem gerðar voru til að tryggja efndir samnings skuli ekki lengur standa til tryggingar, og breytingin héfur í för með sér að staða ábyrgðarmanns er þá mun verri en hún var, er ábyrgðarmaður ekki lengur bundinn af samningi sínum.*“

Í sjálfu sér er ekki óeðlilegt að ábyrgðarmaður geti haft eitthvað um það að segja ef gripið er til aðgerða sem gera stöðu hans verri. Aftur á móti getur sú staða verið uppi að trygging falli niður/sé felld niður af einhverjum (eðlilegum) ástæðum og þá er ekki rétt að ábyrgðarmaður sé ekki lengur bundinn af samningi sínum. Þá er óljóst af athugasemdum með greininni hvað teljist „jafngóðar tryggingar“ sem eiga að koma í veg fyrir að staða ábyrgðarmanns verði verri en ella. Það verður að teljast óeðlilegt ef slíkt á að vera mat ábyrgðarmanns. Ef þetta ákvæði helst óbreytt getur það leitt til þess að allar aðrar tryggingar á viðkomandi skuld falli niður. Það er óásættanleg áhætta fyrir lánveitanda. Eðlilegra er að miða við núverandi ástand, þ.e.a.s. reglur samningaréttar um brostnar forsendur.

3. mgr. hljóðar svo: „*Ef lánveitandi veitir lántaka greiðslufrest er ábyrgðarmaður ekki bundinn af samningi sínum hvað varðar ábyrgð á efndum þeirrar greiðslu nema lánveitandi geti sýnt fram á að gjaldfresturinn hafi ekki háft áhrif á greiðslugetu lántaka.*“ Að mati SFF er afar óeðlilegt að greiðslufrestur sem veittur er lántaka leiði til þess að ábyrgð geti mögulega verið niður fallin. Venjulega er frestur veittur í þeim tilgangi að aðstoða skuldara við að standa í skilum sem augljóslega kemur ábyrgðarmanni til góða. Bent skal á að samkvæmt fyrrnefndu samkomulagi skal leita samþykkis ábyrgðarmanns vegna skilmálabreytinga láns. Þá hefur framkvæmd mála verið þannig fyrir dómstólum að ábyrgðarmaður er ekki bundinn við breytingar á kröfu sem rúmast ekki innan þeirra ábyrgðaryfirlýsinga sem hann hefur þegar ritað undir.

Þá er sönnunarbyrðin óeðlilega íþyngjandi fyrir lánveitanda en um leið í anda frumvarpsins sem er að láta lánveitanda bera alla ábyrgð en slíkt leiðir aðeins til þess að ábyrgðir falli alveg niður sem tryggingar fyrir lánum.

Virðingarfyllt,



Jóna Björk Guðnadóttir